



EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

(Inspired by the Ohio-star block.)

Innblásin af Ohio-star blokk.

Verk hvers lands verða hengd upp á sýningu FOQ 2017.

Reglur:

1. **Stærð:** Breidd 35 sm og hæð 25 sm (landscape).
2. **Gerð:** Bara framhlið sýnileg.
3. **16 verk frá hverju landi.**
4. **Kantar:** Engir sýnilegir kantar eða sikksak saumar. Tilvalið að sauma saman og snúa síðan við og loka með handsaumi.
5. **Upphengi:** 10 sm upphengi skal sauma á bakhlið verksins 10 cm fyrir neðan efri brún og 1 cm frá hvorri hlið.
6. **Merking:** Verkin skulu merkt með nafni, heimilisfangi og nafni verksins á upphengi með permanent penna.
7. Nota má hvaða aðferð sem er við gerð verksins, það á að vera í þremur lögum, framhlið, vatt og bakhlið. Rammar eða gler er ekki leyfilegir.
8. Samsýning EQA ber heitið: **"Inspired by the Ohio star block"** og verður sýnd á bútasaumshátíðinni (Festival of Quilt 's) í Birmingham 2017. Mögulega verða verkin send á milli aðildalanda EQA á næstu tveimur árum en að þeim tíma liðnum verður þeim skilað til eigenda sinna. Verkið þarf að innihalda eina eða fleiri blokkir af Ohio-star.
9. Allir félagar Íslenska bútasaumsfélagsins mega senda stjórn félagsins verk sem valið verður úr án nokkurs þátttökugjalds. Verkin eru ekki til sölu.
10. Öll verkin eru tryggð fyrir lága fjárhæð meðan á sýningu stendur og vegna flutnings fram og til baka. Glatist verk eða skemmist er félagið ekki bótaskyld.
11. Umsóknin ásamt góðri mynd af verkinu á að berast stjórn Íslenska bútasaumsfélagsins **fyrir aðalfund**.
12. Hvert aðildarfélag innan EQA velur sextán verk til þessara samsýningar.
13. Ljósmyndir af verknum kunna að vera notaðar í auglýsingaskyni.